



Kynning á nýjum kjarasamningum FA

Almennur félagsfundur 29. janúar 2016

Við hverja var samið?

- VR og Landssamband íslenskra verzlunarmanna
- Rafiðnaðarsamband Íslands
- Grafíu – stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum
- Allir samningarnir nánast samhljóða og eru í öllum aðalatriðum eins og samningur SA og ASÍ frá því í síðustu viku
- Samþykktir í stjórn á þriðjudag



Forsagan

- Gerðum samninga í vor, sumar og haust á sömu nótum og aðrir samningar á almenna vinnumarkaðnum. Kostnaðarauki á tímabilinu nóvember 2013 og út árið 2018 um 20%
- Launahækkanir opinberra starfsmanna kipptu forsendunum undan samningunum
- SALEK-samkomulagið undirritað í október. Kveður á um 32% hækkun launakostnaðar á tímabilinu nóvember 2013 og út árið 2018. Gengið út frá þeirri kostnaðarhækkun í þessum samningi, laun + framlag í lífeyrissjóð

Dýrir samningar – hvað fáum við í staðinn?

- Friður á vinnumarkaðnum út árið 2018
- Nýtt vinnumarkaðsmódel – enn í mótun, tekur gildi frá 2018
 - Svigrúm til launabreytinga verði skilgreint út frá samkeppisstöðu gagnvart helstu viðskiptalöndum
 - Fyrirtæki sem framleiða vöru og þjónustu til útflutnings eða í samkeppni við innflutning móti svigrúm til launabreytinga
 - Jöfnun lífeyrisréttinda á opinberum og almennum vinnumarkaði
 - Kjarasamningar miði að því að auka kaupmátt á grundvelli stöðugs gengis
 - Opinberum starfsmönnum verður tryggð hlutdeild í launaskriði á almennum vinnumarkaði

Fyrirheit um lækkun tryggingagjalds

	2007	2010	2016	2018
Hlutfall tryggingagjalds í %	5,35	8,67	7,35	5,85?

- Atvinnurekendur hafa farið fram á að hækkun tryggingagjaldsins frá hrúni gengi til baka
- Ríkisstjórnin hefur ekki viljað nefna ákveðna tölu eða tímasetningar
- Stefnt að „talsverðri lækkun“, „á samningstímabilinu“
- Stefnt að 0,5% á árinu skv. fréttum. Hugsanlega breyting strax í febrúar
- U.þ.b. 1% í viðbót á samningstímanum (2017-2018)

Tryggingagjald lækkar



► Ráðherra boðar lækkun tryggingagjalds og er búist við um 1,5% lækkun, sem myndi greiða fyrir samninga.

► Nýi samningurinn felur í grófum dráttum í sér 2,5% launahækkun og 3,5% hækkun líffeyrisgjalda.

► Samningurinn verður lagður undir dóm ríflega 80 þús- und félagsmanna Alþýðusambands Íslands.

» 12

Gjaldið lækki um 0,5% á árinu

● Fyrsta skref í lækkun tryggingagjalds tekið snemma í febrúar ● Annað skref síðar á árinu og frekari lækkanir til loka samningstímabilsins á árinu 2018

Agnes Bragadóttir
agnes@mbl.is

Ríkisstjórnin hefur á tveimur síðustu fundum sínum, í gær og á föstudag, fundað um með hvaða hætti stjórnvöld komi að því að tryggja að kjarasamningar haldi. Samkvæmt upplýsingum Morgunbladsins er nú stefnt að því að tryggingagjald lækki í áföngum um 0,5% á þessu ári og verði fyrsta skrefið til lækkunar

stigið fyrrihluta febrúarmánaðar, sem gæti þýtt yfir fjögurra milljarða króna lækkun í álöögum á atvinnulíflið á þessu ári.

Ríkisstjórnin hefur gefið Samtökum atvinnulífsins fyrirheit um að tryggingagjaldið lækki á gildistíma kjarasamninganna til 2018. Lækkunin verði þó ekki lögfest þar sem ríkisstjórnin vilji geta tekið frekari skref til lækkunar á gjaldinu, samkvæmt aðstæðum í þjóðfélaginu

hverju sinni. Ríkisstjórnin hafi það sem forgangsverkefni að tryggja að ríkisfjármálin séu í ákveðnu jafnvægi og bent er á að kaupmáttur hafi aukist um 7% árið 2015 og því sé ákveðin spennan í hagkerfinu nú.

Tryggingagjald var árið 2007 5,35% en var komið í 8,67% árið 2010 og hafði hækkað um 61,9%. Tryggingagjald er lagt á tryggingagjaldstofn, þ.e. öll laun í landinu. Í ár er gjaldið 7,35% og verður komið niður

í 6,85% í árslok. Árið 2014 var tryggingagjald sem launagreiðendur greiddu samtals 75 milljarðar króna, en þá var gjaldið 7,59%.

Áætla má að tryggingagjaldstofninn í ár verði mun hærri en árið 2014, en þá var hann um það bil 1.000 milljarðar króna. Miðað við að stofninn verði um 1.300 milljarðar á þessu ári, myndi 0,5% lækkun gjaldsins jafngilda um 4,5 milljarða króna lækkun.

Meiri launahækkunir

- Launahækkunin upp á 5,5% sem átti að koma 1. maí verður þess í stað 6,2% og gildi frá 1. janúar. Lágmarkshækkun 15.000
- „Baksýnispegillinn“ tekinn úr sambandi. Ekki hægt að draga hækkunir umfram samninga frá þessari hækkun nema fyrirtækið hafi hækkað „þorra starfsmanna.“ Þarf að vera drjúgur meirihluti.
- Launahækkun 1. maí 2017 fer úr 3% í 4,5%
- Launahækkun 1. maí 2018 fer úr 2% í 3%.

Jöfnun lífeyrisréttinda

- Stefnt er að því að jafna rétt opinberra starfsmanna og starfsmanna á almennum markaði
- Sá sem borgar alla ævi í lífeyrissjóð hafi 76% af launum í lífeyri við 67 ára aldur í stað 56%
- Samtals hækkun upp á 3,5 prósentustig á samningstímanum.
 - 1. júlí 2016: $8\% + 0,5\% = 8,5\%$
 - 1. júlí 2017: $8,5\% + 1,5\% = 10\%$
 - 1. júlí 2018: $10\% + 1,5\% = 11,5\%$
- Val um að greiða í samtryggingu eða bundinn séreignarsparnað. Þarfnast vandlegs undirbúnings

Húsnæðismál

- Ríkisstjórninni gefið svigrúm til að efna loforð í húsnæðismálum. Hafi húsnæðisfrumvörp félagsmálaráðherra ekki orðið að lögum fyrir lok febrúar 2016 verður skoðun forsendunefndar á þeim frestað til febrúar 2017 og telst þá ný forsenda.

Gildistaka, útgreiðsla o.fl.

- VR/LÍV, RSÍ og Grafía greiða atkvæði um samninginn hvert fyrir sig samhliða sameiginlegri atkvæðagreiðslu ASÍ um samninginn við SA
- Niðurstaða liggi fyrir 26. febrúar
- Greitt út skv. samningnum um mánaðamót feb/marz, með leiðréttingu fyrir janúar
- Einfaldara í framkvæmd án baksýnispegilsins